

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Gufubað á miðsvæði Laugarvatns.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar þann 10. maí 2005 deiliskipulag í landi Laugarvatns.

Laugarvatn í Laugardal, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi baðstaðar hollvinasamtaka gufubaðsins á Laugarvatni og að-
liggjandi lóða. Deiliskipulagssvæðið sem er 4,8 ha nær yfir lóð hollvinasamtaka gufubaðsins,
opin svæði meðfram vatnsbakka, suður fyrir íþróttahúsið, að Laugarbraut og Lindarbraut í
vestri, norður fyrir veitingastaðinn Lindina og norður fyrir Vígðulaug. Gert er ráð fyrir allt að
1.600 m² gufubaðsbyggingu innan byggingarreits. Bílastæðum er komið fyrir á 4 stæðum,
alls um 160 stæði. Skilgreindar eru lóðir Lindar (3.874 m²), Heimakletts (1.803 m²),
Lindargarðs (2.600 m²) og íþróttahúss (7.856 m²) auk lóðar hollvinasamtakanna (8.798 m²).

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. nóvember 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2005